



HUGFORM

Hugform myndast yfir húsum og stöðum þar sem fólk kemur saman. Litir og form sýna starfsemi og hugsanir, ekki aðeins þeirra sem eru á staðnum, heldur einnig hugsanir fólks til staðanna. Dæmi um slíka vörpun eru þrjár sólir sem ég sé yfir bústað forseta Íslands á Bessastöðum, - þær spegla ekki síst vonir og væntingar þjóðarinnar. Við mannværurnar myndum hugform í bliki okkar, en þau sjást ekki hjá huldverum. Litrófið endurspeglar tíðnisvið og ákveðnir grunnþættir virðast falla undir tiltekna liti, - en stundum getur bein og afdráttarlaus túlkun virkað villandi. Svo dæmi sé tekið þá er græni litur samskiptaorkunnar birtingarform peninga, rafmagns og tjáskipta. Það þarf að gefa gaum að mismunandi blæbrigðum.



10 Verslunargatan geislar orku peninga og gleði, grænir og rauðir litir aðskildir en í samhljómi.




14 Ráðhúsið hefur hvíta, bláa og rauða liti í hugformi sínu og litirnir merkja stjórnun, upplýsingu og sköpun.



11 Frímúrarahúsið hefur fjólubláa bólstra er stefna til himins. Fjólubláminn sýnir helgi og hátíðleika.



15 Peningar eru græn orka og græni liturinn táknar samskipti. Annað og að því er virðist óskýlt fyrirbæri, rafmagn, sýnir þunga mosa-grængráa orku. Þegar betur er að gáð er hér um að ræða sambærilega krafta, öfl sem geta gefið og tekið. Bæði þessi fyrirbæri er hægt að virkja mönnum til hagsældar.



12 Landsbankinn hefur hugform í mosagrænum tönnum. Orka peninga er græn, en sá litur táknar samskipti.




16 Glerárkirkja. Sérstök útgeislun því þar er starfræktur leikskóli á neðstu hæð, þannig að litir leikja og gleði blandast bliki trausts og trúar.




13 Bókasafnið er með liti mennta og gleði. Bogar sem liðast hver um annan.



9 Myndlistarskólinn og listasafnið. Hér eru greinilega margar tegundir af listum. Litbrigðin eru blanda af leik og skóla, myndir og minni úr fortíð læðast saman við nútímann.



5 Leikhúsið hefur sama hugform og leikskólar. Frelsi, gleði, menntun og sköpun.



6 Sigurhæðir er safn og eru þar bláir bogar með indígóbláma sem sýnir hátíðleika. Hvort það tengist sr. Mattíasi eða nálægð kirkjunnar skalt þú íhuga.



7 Yfir lúterskum kirkjum hef ég alltaf séð gullið ljós kærleikans og blátt ljós trúarinnar. Þar eru einnig bátlaga form sem minna á farkost Karons sem í grískum goðsögum ferjaði sálir til annarra heima.



1 Kapellan geislar sömu litum og lúterskar kirkjur en bláir bátar, sem telja má farkosti sálnanna, eru færri.



2 Nonnahús er með blátt hugform en einnig má merkja myndir úr fortíðinni.



3 Yfir sjúkrahúsinu lýsa litir menntunar og heilunar.



4 Menntaskólinn. Blár litur mennta og sögu einkennir þessa byggingu.



HULLIÐSHEIMAR
AKUREYRAR